

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaeldar. Þá er skammtstofun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, Vf:Vesturland, V:Vestfirðir, N.v:Norðurland vestra, N.ey:Norðurland eystra, Au:Austurland.

Fyrirhuguð útboð	Auglýst:	Opnað:	
	dagur, mánuður, ár		
02-044 N.v. Siglufjarðarvegur (76), Gránugata - Tjarnargata á Siglufirði		03	
02-074 Vf. Vestfjarðavegur (60), ræsi í Ausú á Dýrafirði		03	
02-019 Vi. Snæfellsnesvegur (54), um Kolgrafafjörð		02	
02-084 Vi. Hringvegur (1), hringtorg við Snæfellsnesveg		02	
02-014 Sl. Hringvegur (1), vega- og brúargerð við Skaftá		02	
02-015 Sl. Hringvegur (1), við Hellu		02	
01-018 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, hönnun		02	
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur		02	
02-026 Au. Norðausturvegur (85) Hölná – Miðheiðarhyggur		09.02	
02-078 Rn. Reykjanesbraut (41), breikkun Hvassahraun - Strandarheiði		09.02	
02-009 N.v. Hringvegur (1), um Hnausakvísl forsteyptar einingar 2002-2003		09.02	
02-086 N.v. Þverárfjallsvegur (744), Skúfur - Þverá 2002		09.02	
02-055 Au. Hringvegur (1), Biskupsháls - Vegaskarð		09.02	
02-027 Au. Styrking og mölburður á Austurlandi 2002-2003		09.02	
Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:	
02-056 Sl. Hringvegur (1), brú á Þjórsá	02.09.02	30.09.02	
02-085 Sl. Þórsmerkurvegur (F249) 2002	26.08.02	09.09.02	
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:	
01-009 Au. Upphéraðsvegur (931), Fellabær – Setberg	12.08.02	26.08.02	
02-060 Sl. Snjómokstur og hálkuvörn, uppsveitir Árnassýslu, austurluti	12.08.02	26.08.02	
02-061 Sl. Snjómokstur og hálkuvörn, uppsveitir Árnassýslu, vesturluti	12.08.02	26.08.02	
02-072 Rn. Hafnarfjarðarvegur (40), aðrein Digranesvegur	22.07.02	06.08.02	
02-073 Au. Suðurfjarðavegur (96) á Fáskrúðfirði	22.07.02	06.08.02	
01-048 Sl. Hringvegur (1), vegur um Þjórsá	18.06.02	08.07.02	
01-122 Veggöng 2002 - Forval	21.05.02	24.06.02	
02-047 Áætlunarflug, Höfn í Hornafirði, 2002-2003	27.05.02	01.07.02	
Samningum lokið	Opnað:	Samið:	
02-025 Au. Hringvegur (1), Melrakknes – Blábjörg P.S. verktakar ehf., Egilsstöðum	15.07.02	20.08.02	
02-007 N.v. Hringvegur (1), um Hnausakvísl, vegtengingar 2002-2003 Fjörður sf., Sauðárkróki	29.07.02	26.08.02	

## Opnun útboða

### Snjómokstur og hálkuvörn, uppsveitir Árnassýslu, vesturluti 02-061

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í verkið „Snjómokstur og hálkuvörn, uppsveitir Árnassýslu, vesturluti“. Verktaki skal framkvæma snjómokstur og hálkuvörn innan ramma marksamnings.

Um er að ræða leiðirnar:

- Biskupstungnabraut (35): Hringvegur-Gullfoss, 71 km að lengd.
- Laugarvatnsvegur (37), 36 km að lengd.
- Þingvallavegur (36): Biskupstungnabraut - Kaldárhöfði, 14 km að lengd.
- Þingvallavegur (36): Kaldárhöfði - Þingvellir, 21 km að lengd.
- Sólheimavegur (354) að austanverðu: Biskupstungnabraut - Sólheimar, 6 km að lengd.
- Skeiða- og Hrunamannavegur (30): Biskupstungnabraut - Hvítá, 6 km að lengd.

Helstu magntölur eru áætlaðar: snjómokstur og hálkuvörn 15.000 km.

Gildistími samnings er tímabilið 15. október 2002 til 15. apríl 2005. Engin vinnuskylda er þó frá 1. maí til 15. október ár hvert.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4 Vélgrafan ehf., Selfossi	5.460.000	144,5	1.095
3 Ingileifur Jónsson ehf., Svínvatni	4.560.000	120,7	195
2 Græðir sf., Öndarfirði	4.491.000	118,9	126
1 JH vinnuvélar ehf., Efri Brekku, Biskupst.	4.364.820	115,5	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	3.777.880	100,0	-587

### Upphéraðsvegur (931) Ekkjufell - Setberg 01-009

Vegagerðin, Austurlandsumdæmi, óskar eftir tilboði í gerð Upphéraðsvegur frá Ekkjufelli inn fyrir Setberg í Fellum á Fljótsdalshéraði á 4,6 km löngum kafla.

Helstu magntölur: fyllingar 23.000 m<sup>3</sup>, bergskeringar 9.000 m<sup>3</sup>, neðra burðarlag 20.000 m<sup>3</sup>, efra burðarlag 7.000 m<sup>3</sup>, klæðing 29.000 m<sup>2</sup>.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
8 Nóntindur ehf., Búðardal	49.772.000	118,2	14.809
7 Ólafur Halldórsson, Tjörn	43.516.500	103,4	8.554
--- Áætlaður verktakakostnaður	42.100.000	100,0	7.137
6 Klæðning ehf., Kópavogi	41.840.000	99,4	6.877
5 Hagverk ehf., Fellabæ	40.974.871	97,3	6.012
4 Jón Hlíðdal ehf., og Einar Bjarnason Egilsstöðum	35.263.323	83,8	300
3 Myllan ehf., Egilsstöðum	35.162.000	83,5	199
2 SG vélar ehf., Djúpavogi	35.000.000	83,1	37
1 Vélaleiga Sigga Þór ehf. Egilsstöðum	34.963.000	83,0	0



# Framkvæmdafréttir 30. tbl. /02



## Auglýsingar útboða

### Hringvegur (1), brú á Þjórsá 02-056

Vegagerðin, Suðurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í byggingu nýrrar brúar á Þjórsá. Brúin er 170 m löng, 11 m breið samverkandi úr stáli og steinsteypu. Brúin er í 9 höfum og er yfir farvegi árinna borin uppi af 78 m löngum boga úr stáli og steinsteypu.

Verkið er boðið út á evrópska efnahagssvæðinu.

Helstu magntölur: vegrið 408 m, gröftur 1.000 m<sup>3</sup>, bergskering 400 m<sup>3</sup>, bergboltar 195 stk., bergfestur 120 stk., mótafletir 2.300 m<sup>2</sup>, steypustyrktarjárn 120 tonn, steypa 1.260 m<sup>3</sup>, forsteyptar plötur 234 stk., stálbogi 119 tonn, stálbitar 156 tonn, hreinsun og málnun stáls 1.920 m<sup>2</sup>. Verki skal að fullu lokið 30. september 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Selfossi og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með miðvikudeginum 4. september 2002. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 30. september 2002 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Núverandi brú á Hringvegi yfir Þjórsá var byggð árið 1950. Síðar voru gerðar endurbætur á henni m.t.t. til jarðskjálfta og stóðst hún því vel síðasta Suðurlandskjálfta. Brúin er einbreið og lega vegar að henni slæm. Það hefur því lengi verið tímabært að byggja nýja brú. Þessi brú verður þó látin standa áfram og þjóna umferð hestamanna. Það skaðar heldur ekki að hafa varaleið yfir Þjórsá á þessum mikilvæga stað í samgöngukerfinu.

## Framkvæmdafréttir á netinu

Nú birtum við Framkvæmdafréttir á vef Vegagerðarinnar, vegagerdin.is, sem pdf skjöl. Blöðin má finna undir „Framkvæmdir“. Þau verða sett á vefinn um leið og þau fara í prentun svo hægt er að sjá ný tölublað nokkrum dögum áður en þau berast í pósti.

## Leiðrétting

Í síðasta tölublaði Framkvæmdafrétta var birt kort af flokkun vegakerfisins í stofnvegi, tengivegi og landsvegi. Til nánari upplýsinga voru nokkur vagnúmer birt á kortinu. Því miður urðu þau mistök að notuð voru gömul númer á Vesturlandi en þar hafa orðið nokkrar breytingar undanfarin ár. Borgarfjarðarbraut og Snæfellsnesvegur eru því ranglega númeruð á kortinu.

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 30. tbl. 10. árg. nr. 313 2. sept. 2002

Ritstjórn og umsjón útgáfu: Viktor Arnar Ingólfsson  
Ábyrgðarmaður: Gunnar Gunnarsson  
Prentun: Gutenberg

Ösk um áskrift sendist til: Vegagerðin Framkvæmdafréttir Borgartúni 7 105 Reykjavík (bréfsími 522 1109) eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.